

<b>Heiti verkefnisins</b>	Listnám á háskólastigi á Akureyri – fýsileikakönnun og málþing
<b>Númer verkefnis</b>	<b>2021-5</b>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jöfn tækifæri til náms</li> <li>• Að menntunarstig í landshlutanum hækki</li> <li>• Auka framboð listnáms í landshlutanum</li> <li>• Að störfum tengdum listgreinum fjölgi</li> <li>• Að Akureyri verði eftirsóttur staður til að sækja menntun á sviði lista</li> </ul>
<b>Stutt verkefnaýsing</b>  (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Í sóknaráætlun Norðurlands eystra er talað um að menntun á sviði lista sé víða nokkuð fjölbreytt og góð en tryggja þurfi öllu svæðinu aðgengi að metnaðarfullri og faglegri menntun á sviði lista og menningar, hvort sem er í námskeiðsformi, innan grunnskóla eða til framhaldsnáms.</p> <p>Um áratuga skeið hafa verið starfandi 4 skólar á framhaldsskólastigi á Norðurlandi eystra sem bjóða upp á listnám; Verkmenntaskólinn á Akureyri, Tónlistarskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Myndlistarskólinn á Akureyri. Nú er vilji til að breyting verði á og að í boði verði listnám á háskólastigi í samstarfi við Listaháskóla Íslands.</p> <p>Í tengslum við stefnumótandi grundvöll á æðri menntun á fræðasviði lista verður unnin fýsileikakönnun af RHA.</p> <p>Þar verður kannaður grundvöllur fyrir námsleiðum á sviði lista í samstarfi við LHÍ og menntastofnanir á Akureyri. Lagðar verða fram spurningar til nema á framhaldsskólastigi um áhuga á mögulegum námsleiðum á sviði lista á háskólastigi. Gert er ráð fyrir að spurningalistinn verði sendur á nemendur á lokaári í framhaldsskóla í hverjum landshluta.</p> <p>Í framhaldi af könnuninni verður haldið málþing í Hofi þar sem fulltrúar menntastofnana á svæðinu, fulltrúar LHÍ, listnemendur, ráðherrar og þingmenn ásamt öðrum hagaðilum hittast og ræða möguleg tækifæri til listnáms á Akureyri.</p>
<b>Málaflokkur</b> (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Mennta- og menningarmál, MMR
<b>Framkvæmdaaðili</b>	SSNE
<b>Samstarfsaðilar</b>	Akureyrarbær, RHA, Listaháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Tónlistarskólinn á Akureyri, Listasafnið á Akureyri, Leikfélag Akureyrar, VMA og Menntaskólinn á Tröllaskaga.

Tengsl við sóknaráætlun	Eitt af markmiðum sóknaráætlunar Norðurlands eystra fyrir árin 2020-2025 er að menntunarstig hækki á svæðinu og að störfum í listgreinum fjölgi. Eins er áhersla lögð á að auka námsframboð í listsköpun og aðgengi, t.d. með notkun fjarfundabúnaðar.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	Verkefnið styður einnig við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sbr. 17.17 Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrími. 10.3 Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Samstarf LHÍ og menningarstofnana á svæðinu.</li> <li>• Að menntunarstig hækki á svæðinu og námsleiðum í listgreinum fjölgi.</li> <li>• Aukin aðsókn innlendra og erlendra nemenda í listnám á Akureyri.</li> <li>• Aukin aðsókn á söfn og sýningar á svæðinu með bættri og uppfærðri fræðsludagskrá fyrir listnemendur.</li> <li>• Að nemendur sem hafa áhuga á að stunda háskólanám á sviði lista, og starfa við það svið í framtíðinni, þurfa ekki að sækja nám út fyrir landshlutann.</li> </ul>
Lokafurð  (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fýsileikakönnun um listnám á háskólastigi á Akureyri þar sem kannaðar verða aðstæður skapandi greina á Akureyri, efnahagslegar forsendur og mannauður til að sinna kennslu. Viðtöl verða notuð til að greina aðstæður og viðhorf til listnáms á háskólastigi á Akureyri.</li> <li>• Málþing um innleiðingu listnáms á háskólastigi á Akureyri þar sem ræddar verða mögulegar námsleiðir á sviði lista á háskólastigi í samstarfi við LHÍ.</li> <li>• Að X margar listnámsbrautir á háskólastigi verði í boði á Akureyri.</li> </ul>
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2021 – September 2021
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Fýsileikakönnun: 2.019.000 kr. Málþing: Salur+veitingar: 500.000. Ferðakostnaður: 450.000. Fundarstjórn/verkefnastjórn: 400.000. Skemmtiatriði: 200.000. Tækjaleiga: 200.000. Samtals: 1.750.000.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2021 og á hverju ári eftir það, ef við á)	Kr. 3.700.000, -
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir	Byggðaáætlun og Menningarstefna stjórnvalda.

(ef við á)